

Spurningakönnun um úrgangsmál á Suðurlandi

Helstu niðurstöður



Júní 2018

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. Framkvæmd	4
3. Niðurstöður	5
3.1 Staðsetning fyrirtækis	5
3.2 Fjöldi ársverka 2017	5
3.3 Atvinnugreinar	6
3.4 Áætlað heildarmagn úrgangs	7
3.5 Áætlað hlutfall lífræns úrgangs	10
3.6 Afdrif úrgangs	10
3.7 Þjónustuaðilar	12
3.8 Fyrirhugaðar breytingar	14
3.9 Brýnustu breytingar í sveitarfélagi eða á landsvísu	15
3.10 Brýnustu breytingar á þjónustu sveitarfélaga	16
3.11 Móttökuskilyrði fyrir flokkaðan úrgang	16
3.12 Bætt nýting lífræns úrgangs	17
3.13 Aukin fræðsla og upplýsingagjöf	17
3.14 Aðrar úrbætur í úrgangsmálum	17
3.15 Önnur atriði, athugasemdir eða ábendingar	19
4. Lokaorð	21
Viðauki 1: Spurningalistinn í heild sinni	23

1. Formáli

Veturinn 2017-2018 ákvað stjórn Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) að gera könnun á fyrirkomulagi úrgangsmála hjá fyrirtækjum á starfssvæði stöðvarinnar, þ.e. í sveitarfélögum í Árnes- og Rangárvallasýslum, m.a. til að afla upplýsinga um magn og afdrif lífræns úrgangs sem fellur til hjá fyrirtækjunum. Leitað var samstarfs við Atorku, samtök atvinnurekenda á Suðurlandi, um framkvæmd könnunarinnar. Könnunin var hluti af vinnu SOS við greiningu á stöðu úrgangsmála á Suðurlandi og gerð tillagna um fyrirkomulag málaflokksins í landshlutanum á næstu árum. Sú vinna hófst haustið 2016 og stóð fram á mitt ár 2018. Samið var við Umhverfissráðgjöf Íslands ehf. (Environice) um faglega aðstoð við þetta verkefni, þ.m.t. vegna könnunarinnar sem hér um ræðir.

Skýrsla sú sem hér birtist hefur að geyma helstu niðurstöður könnunarinnar, en áður hafa Environice og Sorpstöð Suðurlands birt tvær skýrslur með niðurstöðum annarra verkþátta í verkefninu. Fyrri skýrslan, svonefnd „Áfangaskýrsla“, kom út 28. mars 2017 og hafði að geyma samantekt upplýsinga um magn og afdrif mismunandi flokka úrgangs sem til féll á Suðurlandi árið 2016. Síðari skýrslan, svonefnd „Valkostaskýrsla“, var lögð fyrir aðalfund SOS 20. október 2017. Hún innihélt greiningu valkosta í söfnun og ráðstöfun úrgangs á starfssvæði SOS, svo og 23 afmarkaðar tillögur sem mótast höfðu í samstarfi stjórnar SOS og Environice og þóttu til þess fallnar að lækka kostnað og/eða bæta nýtingu auðlinda í anda hringrásarhagkerfisins. Þessar tillögur voru samþykktar á aðalfundinum, en ein þeirra fjallaði einmitt um samstarf við Atorku um þá könnun sem hér um ræðir.

Skýrslan er þannig upp byggð að fremst í henni er að finna umfjöllun um framkvæmd könnunarinnar og þar á eftir er gerð grein fyrir svörum þátttakenda við einstökum spurningum, einni spurningu í hverjum undirkafla. Aftast í skýrslunni eru síðan nokkur aðalatriði hennar dregin saman í lokaorðum.

2. Framkvæmd

Spurningakönnunin sem hér um ræðir byggði á spurningalista sem Environice setti saman í samráði við stjórn SOS og með aðstoð Sigurðar Þórs Sigurðssonar, formanns Atorku. Á listanum voru samtals 14 spurningar, auk möguleika á almennum athugasemdum um málefnið sem spurt var um. Spurningalistinn í heild er birtur í Viðauka 1.

Könnunin var sett upp í forritinu SurveyMonkey og tengill sendur út í tölvupósti til samtals 389 rekstraraðila á starfssvæði SOS. Netföng svarenda voru að mestu fengin hjá Atorku, en skrifstofa Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) aðstoðaði einnig við drög að útsendingarlista. Af þeim 389 netföngum sem sent var á reyndust 25 úrelt eða óaðgengileg, þannig að ætla má að samtals hafi 364 rekstraraðilar fengið listann. Sú tala er þó að öllum líkindum nokkuð ofáætluð, þar sem líklegt er að í einhverjum tilvikum hafi tölvupóstar ekki komist til skila þó að engar villutilkynningar hafi borist.

Upphaflega var könnunin send út 18. maí 2018 og síðan voru áminningar sendar 29. maí og 2. júní. Síðasta svarið barst 6. júní og eftir það var lokað fyrir aðgang að könnuninni.

Af 364 ætluðum móttakendum svöruðu 119 eða um 33%. Ætla má að svarhlutfall hafi verið hærra meðal stærri fyrirtækja en lægra meðal smærri fyrirtækja. Um þetta er þó ekki hægt að fullyrða þar sem ekki liggur fyrir nein greining á þeim hópi sem ekki svaraði könnuninni.

3. Niðurstöður

Þessi kafli hefur að geyma helstu niðurstöður könnunarinnar og umfjöllun um þær.

3.1 Staðsetning fyrirtækis

Í spurningu 1 var spurt í hvaða sveitarfélagið fyrirtækið starfaði eða hefði mestan hluta starfsemi sinnar á Suðurlandi. Tafla 1 sýnir skiptingu svarenda eftir sveitarfélögum.

Sveitarfélag aðalstarfsemi	Fjöldi	%
Sveitarfélagið Árborg	54	45,38%
Bláskógabyggð	12	10,08%
Rangárþing ytra	11	9,24%
Sveitarfélagið Ölfus	11	9,24%
Hrunamannahreppur	10	8,40%
Hveragerðisbær	7	5,88%
Rangárþing eystra	5	4,20%
Flóahreppur	3	2,52%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	2	1,68%
Ásahreppur	1	0,84%
Grímsnes- og Grafningshreppur	1	0,84%
Dreift á fleiri sveitarfélög	2	1,68%
Samtals	119	100,00%

Tafla 1. Skipting svarenda eftir sveitarfélögum aðalstarfsemi.

3.2 Fjöldi ársverka 2017

Tafla 2 sýnir fjölda ársverka hjá þeim fyrirtækjum sem svöruðu könnuninni.

Fjöldi ársverka	Fjöldi	%
1-3	36	30,51%
4-10	39	33,05%
11-50	23	19,49%
51-100	6	5,08%
101 eða fleiri	11	9,32%
Annað	3	2,54%
Samtals	118	100,00%

Tafla 2. Skipting svarenda eftir fjölda ársverka.

Tveir svarendur vissu ekki svarið eða skildu ekki spurninguna og einn sagðist vera með 3-4 starfsmenn á tilteknum stað á Suðurlandi en nokkra tugi á landsvísu. Þeim

síðastnefnda hefði líklega mátt bæta í flokkinn „4-10 ársverk“, en það er ekki gert hér þar sem það getur skekkt samanburð í öðrum svörum könnunarinnar.

Eins og Tafla 2 sýnir voru tæp 64% fyrirtækjanna sem svöruðu könnuninni með 10 starfsmenn eða færri en rúm 14% með fleiri en 50 starfsmenn. Fljótt á litið má ætla að hlutfall smáfyrirtækja af heildarfjölda fyrirtækja á svæðinu sé mun hærra en 64% og að hlutfall stærstu fyrirtækjanna sé mun lægra en 14%. Því virðist svarhlutfall hafa verið tiltölulega hátt í fjölmennustu fyrirtækjunum. Rétt er þó að ítreka að ekki liggur fyrir nein greining á þeim hópi sem ekki svaraði könnuninni.

3.3 Atvinnugreinar

Í spurningu 3 var spurt í hvaða atvinnugrein viðkomandi fyrirtæki starfaði aðallega. Tafla 3 sýnir skiptingu svaranna. Fyrirtæki sem starfa í fleiri en einni grein voru beðin að merkja við þá grein sem vegur þýngst í starfseminni.

Aðalatvinnugrein	Fjöldi	%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	26	21,85%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	21	17,65%
Heild- og smásöluverslun	12	10,08%
Landbúnaður og skógrækt	9	7,56%
Matvælaíðnaður, þ.m.t. fiskv. og slátrun	8	6,72%
Viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum	7	5,88%
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	6	5,04%
Fasteignaviðskipti	2	1,68%
Fjármála- og váttryggingarstarfsemi	2	1,68%
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	2	1,68%
Flutningar og geymsla	1	0,84%
Fræðslustarfsemi	1	0,84%
Menningar-, íþrótt- og tólmundastarfsemi	1	0,84%
Upplýsingar og fjarskipti	1	0,84%
Veitustarfsemi (rafmagn, hiti, vatn, fráveitur)	1	0,84%
Annað	19	15,97%
Samtals	119	100,00%

Tafla 3. Skipting svarenda eftir atvinnugreinum.

Undir „annað“ í svörum fyrirtækjanna féll ferðapjónusta af einhverju tagi (5), þjónusta við iðnað, sjávarútveg eða aðrar greinar (3), einhvers konar uppsetning eða miðlun texta eða myndefnis (3), rafvirkjun (2), ræstingar (1), átöppun á vatni (1), endurvinnsla notaðra bifreiða (1), garðyrkja (1), úrgangavinnsla (1) og arkitektapjónusta (1).

Eitthvað af þessu hefði með góðu móti mátt fella inn í töfluna hér að framan, en það er ekki gert hér þar sem það getur skekkt samanburð á milli greina í öðrum svörum könnunarinnar.

Eins og fram kom í svörum við spurningu 2 (Tafla 2) voru 17 fyrirtæki af 118 sem svöruðu spurningunni með fleiri en 50 starfsmenn. Þessi 17 fyrirtæki skiptust á atvinnugreinar sem hér segir:

Aðalatvinnugrein	Fjöldi	%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	2	11,76%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	4	23,53%
Matvælaíðnaður, þ.m.t. fiskv. og slátrun	5	29,41%
Viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum	4	23,53%
Annað	2	11,76%
Samtals	17	100,00%

Tafla 4. Skipting stærstu fyrirtækjanna (>50 starfsmenn) eftir atvinnugreinum.

3.4 Áætlað heildarmagn úrgangs

Tafla 5 sýnir skiptingu svarenda eftir áætluðu árlegu heildarmagni úrgangs 2017.

Áætlað heildarmagn úrgangs 2017	Fjöldi	%
0-1.000 kg.	35	30,97%
1.001-10.000 kg.	48	42,48%
10.001-50.000 kg.	17	15,04%
50.001-100.000 kg.	8	7,08%
100.001 kg. eða meira	5	4,42%
Samtals	113	100,00%

Tafla 5. Áætlað heildarmagn úrgangs 2017.

Nokkrir svarendur skrifuðu athugasemdir við þessa spurningu, oftast um það að ekki lægju fyrir nákvæmar upplýsingar um magnið.

Áætla má samanlagt heildarmagn úrgangs frá fyrirtækjunum sem þátt tóku í könnuninni gróflega með því að gefa sér tilteknar forsendur. Sé t.d. reiknað með að meðalmagn úrgangs frá fyrirtækjum í töflunni hér að framan sé nálægt miðgildi uppgefina stærðarmarkna og að meðaltalið í síðasta flokknum sé tvöfalt lágmarksmagn (200.000 kg), má ætla að samanlagt heildarmagn sem til féll hjá öllum fyrirtækjunum á árinu 2017 hafi verið um 2.400 tonn, (Tafla 6).

Áætlað heildarmagn (kg)	Umreiknað (kg)	Fjöldi	Úrgangur samtals (kg)
0-1.000 kg.	500	35	17.500
1.001-10.000 kg.	5.500	48	264.000
10.001-50.000 kg.	30.000	17	510.000
50.001-100.000 kg.	75.000	8	600.000
100.001 kg. eða meira	200.000	5	1.000.000
Samtals		113	2.391.500

Tafla 6. Uppreiknað heildarmagn úrgangs 2017 miðað við niðurstöður spurningakönnunar.

Eins og fram hefur komið var svarhlutfall í könnuninni um 33%. Þar sem útsendingarlistinn var engan veginn tæmandi er ljóst að í reynd bárust svör frá nokkru lægra hlutfalli rekstraraðila á svæðinu, eða e.t.v. um 25%. Hins vegar má ætla að yfirgnæfandi hluti stærstu úrgangshafanna hafi fengið könnunina í hendur og eins og áður hefur verið nefnt er líklegt að svarhlutfall hafi verið hærra hjá stærri fyrirtækjunum en þeim minni. Því er ekki fráleitt að ætla að þau fyrirtæki sem svöruðu könnuninni ráði yfir meirihluta rekstrarúrgangs á svæðinu. Sé gert ráð fyrir að um 50% af öllum rekstrarúrgangi á svæðinu falli til hjá þeim fyrirtækjum sem tóku þátt í könnuninni má ætla að heildarmagn rekstrarúrgangs á svæðinu sé hátt í 5.000 tonn á ári. Rétt er þó að undirstrika að mjög mikil óvissa er í áætlunum af þessu tagi.

Eins og Tafla 5 sýnir féllu til meira en 100 tonn af úrgangi hjá 5 fyrirtækjum sem þátt tóku í könnuninni. Þessi 5 fyrirtæki skiptust þannig á atvinnugreinum:

Aðalatvinnugrein	Fjöldi	%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	1	20,00%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	1	20,00%
Matvælaíðnaður, þ.m.t. fiskv. og slátrun	2	40,00%
Endurvinnsla notaðra bifreiða	1	20,00%
Samtals	5	100,00%

Tafla 7. Fjöldi fyrirtækja í einstökum atvinnugreinum með >100 tonn af úrgangi 2017.

Á árinu 2017 fóru samtals um 15.000 tonn af úrgangi í gegnum kerfi sveitarfélaga á starfssvæði SOS.¹ Rekstrarúrgangur er að hluta til inni í þeirri tölu, þar sem sum sveitarfélögin á svæðinu, einkum dreifbýlissveitarfélögin, sjá að mestu eða öllu leyti um

¹ Óbirt samantekt Environice, júní 2018.

úrgangsjónustu fyrir fyrirtæki í viðkomandi sveitarfélagi. Úrgangur frá fyrirtækjum sem semja beint við verktaka um úrgangsjónustu er hins vegar alla jafna ekki inni í tölunni, þar sem sveitarfélögin fá litlar sem engar upplýsingar um magn þess úrgangs. Með þetta í huga er áhugavert að skoða sérstaklega áætlað magn úrgangs frá fyrirtækjum sem semja beint við verktaka. Tafla 8 gefur yfirlit yfir magn úrgangs frá þessum fyrirtækjum samkvæmt niðurstöðum spurningakönnunarinnar.

Áætlað heildarmagn úrgangs 2017	Fjöldi	%
0-1.000 kg.	12	18,46%
1.001-10.000 kg.	28	43,08%
10.001-50.000 kg.	13	20,00%
50.001-100.000 kg.	7	10,77%
100.001 kg. eða meira	5	7,69%
Samtals	65	100,00%

Tafla 8. Áætlað heildarmagn úrgangs 2017 hjá fyrirtækjum á starfssvæði SOS sem semja beint við verktaka um úrgangsjónustu.

Sé hér aftur beitt sömu röksemdafærslu og Tafla 6 byggir á fást eftirfarandi niðurstöður varðandi líklegt samanlagt heildarmagn úrgangs frá fyrirtækjum sem semja beint við verktaka um úrgangsjónustu:

Áætlað heildarmagn (kg)	Umreiknað (kg)	Fjöldi	Úrgangur samtals (kg)
0-1.000 kg.	500	12	6.000
1.001-10.000 kg.	5.500	28	154.000
10.001-50.000 kg.	30.000	13	390.000
50.001-100.000 kg.	75.000	7	525.000
100.001 kg. eða meira	200.000	5	1.000.000
Samtals		65	2.075.000

Tafla 9. Uppreiknað heildarmagn úrgangs 2017 hjá fyrirtækjum á starfssvæði SOS sem semja beint við verktaka um úrgangsjónustu.

Sé enn beitt sömu röksemdafærslu og áður má ætla að heildarmagn rekstrarúrgangs sem til fellur hjá fyrirtækjum sem semja beint við verktaka um úrgangsjónustu sé hátt í tvöfalt það magn sem Tafla 9 sýnir eða nálægt 4.000 tonnum á ári, þ.e. þegar ætluðu magni frá fyrirtækjum sem ekki tóku þátt í könnuninni hefur verið bætt við niðurstöðutölu töflunnar. Þetta kann þó að vera ofmat, því að sem fyrr segir má ætla að svarhlutfall stærstu fyrirtækjanna hafi verið hærra en minni fyrirtækjanna og því komi hærra hlutfall úrgangs frá stærstu fyrirtækjunum fram í könnuninni. Sé því engu að síður slegið föstu að heildarmagnið sem ekki endurspeglast í úrgangstölfræði sveitarfélaganna sé um 4.000 tonn á ári, þá gæti árlegt heildarmagn úrgangs á svæðinu

verið nálægt 19.000 tonnum (15.000+4.000 tonn). Þessi ályktun byggist þó vissulega á veikum grunni.

3.5 Áætlað hlutfall lífræns úrgangs

Tafla 10 sýnir hlutfall lífræns úrgangs af heildarmagni úrgangs skv. svörum við spurningu 5 í könnuninni.

Áætlað hlutfall lífræns úrgangs 2017	Fjöldi	%
0-20%	74	64,35%
21-40%	22	19,13%
41-60%	7	6,09%
61-80%	7	6,09%
81-100%	5	4,35%
Samtals	115	100,00%

Tafla 10. Áætlað hlutfall lífræns úrgangs af heildarmagni úrgangs 2017.

Eins og Tafla 10 sýnir töldu flestir svarendur að hlutfall lífræns úrgangs væri um eða innan við 20% af heildarmagni úrgangs hjá fyrirtækinu. Þetta kemur nokkuð á óvart, þar sem alla jafna má reikna með að lífrænn úrgangur sé 30-50% af öllum úrgangi sem til fellur. Þetta er hins vegar mjög mismunandi eftir atvinnugreinum. Þannig má ætla að lífrænn úrgangur sé óverulegur hluti af heildinni í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, en aftur á móti yfirgnæfandi hluti í veitingahúsarekstri og hvers konar matvælavinnslu á borð við fiskvinnslu og slátrun. Þetta endurspeglast þó ekki skýrt í svörum fyrirtækja í mismunandi atvinnugreinum við spurningum könnunarinnar.

Sé gengið út frá því að meðalhlutfall lífræns úrgangs sé 30% og að á starfssvæði SOS falli árlega til um 4.000 tonn af rekstrarúrgangi sem ekki kemur fram í úrgangsbókhalda sveitarfélaganna, má ætla að magn lífræns úrgangs sem ekki endurspeglast í sama bókhalda sé u.þ.b. $4.000 \times 30\% = 1.200$ tonn.

3.6 Afdrif úrgangs

Í spurningu 6 var leitað svara við því hvað væri gert við úrganginn, hvort sem fyrirtækið gerir það sjálft eða lætur aðra sjá um það. Svörin má sjá í eftirfarandi töflu, þar sem gefin er upp fjöldi svara í hverjum reit og prósentuhlutfall af heildarfjölda svara fyrir viðkomandi úrgangsflokk. Algengustu svörin fyrir hvern úrgangsflokk eru auðkennd með dökkgrænum lit og næstalgengustu svörin með ljósari lit.

	Endurnotkun á staðnum	Jarðgerð/gasgerð	Önnur endurvinnsla	Burðaræfni/landmótun	Brennsla til orkuvinnslu	Önnur brennsla	Úrðun	Veit ekki	Svör samtals
Dýrahæ og sláturúrgangur	6,52% 3	6,52% 3	8,70% 4	2,17% 1	0,00% 0	2,17% 1	23,91% 11	67,39% 31	46
Bylgjupappi	7,53% 7	0,00% 0	80,65% 75	0,00% 0	1,08% 1	0,00% 0	3,23% 3	13,98% 13	93
Sléttur pappi og fernur	5,43% 5	0,00% 0	81,52% 75	0,00% 0	1,09% 1	0,00% 0	6,52% 6	10,87% 10	92
Plastumbúðir	3,09% 3	2,06% 2	65,98% 64	0,00% 0	0,00% 0	0,00% 0	11,34% 11	23,71% 23	97
Annað plast, (t.d. leikföng)	2,82% 2	1,41% 1	50,70% 36	0,00% 0	0,00% 0	0,00% 0	18,31% 13	30,99% 22	71
Málmur, (aðrir en ökutæki)	1,14% 1	1,14% 1	77,27% 68	0,00% 0	0,00% 0	1,14% 1	7,95% 7	14,77% 13	88
Óvirkur úrgangur, (t.d. steinbrot)	0,00% 0	1,43% 1	28,57% 20	12,86% 9	0,00% 0	0,00% 0	25,71% 18	34,29% 24	70
Ólitað timbur	2,63% 2	1,32% 1	60,53% 46	0,00% 0	1,32% 1	3,95% 3	3,95% 3	31,58% 24	76
Litað/óflokkað timbur	1,33% 1	0,00% 0	45,33% 34	0,00% 0	1,33% 1	4,00% 3	5,33% 4	46,67% 35	75
Grófur úrgangur, (t.d. húsgögn)	1,41% 1	0,00% 0	40,85% 29	0,00% 0	0,00% 0	0,00% 0	11,27% 8	49,30% 35	71
Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.	8,00% 6	14,67% 11	20,00% 15	1,33% 1	0,00% 0	0,00% 0	28,00% 21	33,33% 25	75
Garðaúrgangur	11,94% 8	23,88% 16	14,93% 10	5,97% 4	0,00% 0	0,00% 0	13,43% 9	35,82% 24	67
Föt og annar textíluúrgangur	1,61% 1	0,00% 0	38,71% 24	0,00% 0	0,00% 0	0,00% 0	16,13% 10	45,16% 28	62
Raftæki	1,37% 1	0,00% 0	53,42% 39	0,00% 0	0,00% 0	0,00% 0	8,22% 6	38,36% 28	73
Spilliefni	1,33% 1	0,00% 0	50,67% 38	0,00% 0	0,00% 0	0,00% 0	2,67% 2	45,33% 34	75
Kertaafgangar	3,64% 2	0,00% 0	20,00% 11	1,82% 1	0,00% 0	0,00% 0	18,18% 10	56,36% 31	55
Lyfjaleifar	0,00% 0	0,00% 0	16,98% 9	0,00% 0	0,00% 0	0,00% 0	5,66% 3	77,36% 41	53
Seyra	3,64% 2	0,00% 0	18,18% 10	0,00% 0	0,00% 0	0,00% 0	5,45% 3	72,73% 40	55
Blandaður úrgangur (sorp)	1,20% 1	1,20% 1	18,07% 15	2,41% 2	0,00% 0	0,00% 0	45,78% 38	33,73% 28	83

Tafla 11. Afdrif einstakra úrgangsflokka skv. svörum við spurningakönnun.

Þegar Tafla 11 er skoðuð sést að í langflestum tilvikum telja svarendur að úrgangur í einstökum tilgreindum flokkum fari í endurvinnslu, en einnig er áberandi hversu

algennt svarið „Veit ekki“ er. Spurningin var orðuð sem hér segir: „Hvað er gert við úrganginn, (hvort sem fyrirtækið gerir það sjálft eða lætur aðra sjá um það)? (Setjið X í alla viðeigandi reiti í töflunni)“. Hugsanlega getur svarið „Veit ekki“ þýtt hvort heldur sem er að svarandinn viti ekki hvað viðkomandi fyrirtæki geri við umræddan úrgang, eða þá að honum sé ekki ljóst hvað verður um úrganginn eftir að hann er farinn úr umsjón fyrirtækisins. Á þessu tvennu er talsverður munur í raun. Eins hafa einhverjir greinilega merkt við svarið „Veit ekki“ í merkingunni „á ekki við“ í tilvikum þar sem viðkomandi úrgangsflokkur fellur ekki til í þeim rekstri sem um ræðir. Sé svarið „Veit ekki“ tekið bókstaflega mætti ætla að verulegt kæruleysi ríkti um afdrif úrgangsins. Því verður t.d. vart trúað að 70-80% fyrirtækja skili af sér lyfjaleifum eða seyru án þess að hafa hugmynd um hvað verður um það.

Nokkur einstök svör vekja athygli, án þess að tilefni sé að draga af þeim stórar ályktanir. Þannig segja um 18% að blandaður úrgangur fari í endurvinnslu. Þetta svar felur í sér þversögn en er vafalítið byggt á einhvers konar misvísandi skilningi á hugtökum.

Nokkrir svarendur skrifuðu athugasemdir við spurninguna um afdrif úrgangs. Einum þóttu valkostirnir t.d. óskýrir, og annar tók fram að þar væri lífrænn úrgangur úr eldhúsi flokkaður, en „engin aðstaða[a] er fyrir förgun á því hjá sveitarfélaginu þannig að það endar í blönduðum úrgangi“.

3.7 Þjónustuaðilar

Í spurningu 7 var spurt hver sjái um úrgangsjónustu fyrir fyrirtækið. Tafla 12 gefur yfirlit yfir svörin

Hver sér um úrgangsjónustu fyrir fyrirtækið	Fjöldi	%
Sveitarfélagið	39	33,33%
Verktaki (gámafyrirtæki)	69	58,97%
Annað	9	7,69%
Samtals	117	100,00%

Tafla 12. Umsjón úrgangsmála fyrir rekstraraðila.

Þeir 9 svarendur sem merktu við „Annað“ tilgreindu eftirfarandi:

- Við sjálf 3 svör
- Flytjum/skilum sjálf á gámasvæði/hauga 3 svör
- Sveitarfélagið og verktakar 2 svör
- Við sjálf og gámafyrirtæki 1 svar

Í ljósi þess að dreifbýlissveitarfélögin á starfssvæði SOS sjá að mestu um alla úrgangsjónustu fyrir rekstraraðila í viðkomandi sveitarfélagi á sama tíma og fyrirtæki í

Þéttbýlissveitarfélögunum semja flest beint við verktaka um úrgangspjónustu, er áhugavert að greina svörin eftir því hvort þau koma úr dreifbýlis- eða þéttbýlissveitarfélagi. Í þessum efnum liggur beinast við að líta á Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Hveragerðisbæ sem þéttbýlissveitarfélög en öll hin sem dreifbýlissveitarfélög. Í eftirfarandi töflu er svörunum við spurningu 7 skipt niður með þessum hætti.

Hver sér um úrgangspjónustu fyrir fyrirtækið	Fjöldi	%
Árborg, Ölfus og Hveragerði:		
Sveitarfélagið	22	30,99%
Verktaki (gámafyrirtæki)	45	63,38%
Annað	4	5,63%
Samtals	71	100,00%
Önnur sveitarfélög:		
Sveitarfélagið	17	36,96%
Verktaki (gámafyrirtæki)	24	52,17%
Annað	5	10,87%
Samtals	46	100,00%

Tafla 13. Umsjón úrgangsmála fyrir rekstraraðila, skipt eftir „þéttbýli“ og „dreifbýli“.

Þegar Tafla 13 er skoðuð kemur á óvart hversu lítil munur virðist á svörum úr „þéttbýlissveitarfélögum“ annars vegar og „dreifbýlissveitarfélögum“ hins vegar. Þetta kann að skýrast af því að meðal svarenda eru fjölmörg örsníma fyrirtæki sem jafnvel eru rekin í heimahúsum þar sem engin aðgreining er á milli úrgangs frá heimilinu og rekstrinum. Í þessu sambandi má minna á að um 30% svara komu frá fyrirtækjum með 1-3 starfsmenn (Tafla 2). Í þessu ljósi kann að vera áhugavert að skipta svörum frekar eftir stærð fyrirtækja, t.d. með því að skoða sérstaklega fyrirtæki með fleiri en 10 starfsmenn. Tafla 14 gefur yfirlit yfir skiptingu svara við spurningu 7 miðað við þetta.

Hver sér um úrgangsjónustu fyrir fyrirtækið	Fjöldi	%
Fyrirtæki með fleiri en 10 starfsmenn:		
Sveitarfélagið	6	15,00%
Verktaki (gámafyrirtæki)	33	82,50%
Annað	1	2,50%
Samtals	40	100,00%
Fyrirtæki með 10 starfsmenn eða færri:		
Sveitarfélagið	33	42,86%
Verktaki (gámafyrirtæki)	36	46,75%
Annað	8	10,39%
Samtals	77	100,00%

Tafla 14. Umsjón úrgangsmála fyrir rekstraraðila, skipt eftir stærð fyrirtækja.

Hér koma fram mun skýrari skil á þann veg að verktakar sjái í flestum tilvikum um úrgangsjónustu fyrir stærri fyrirtæki, en að hjá smærri fyrirtækjum sé álíka algengt að þessi mál séu í höndum sveitarfélags annars vegar og verktaka hins vegar.

Af þeim 6 fyrirtækjum í efri stærðarflokknum sem segja að sveitarfélagið sjái um úrgangsjónustuna eru 3 með aðalstarfsemi í „dreifbýlissveitarfélagi“ og 3 í „þéttbýlissveitarfélagi“, öll í Árborg. Af því má ráða að verkaskipting í þessum efnum sé ekki alveg „klippt og skorin“, en líklega snýst þetta að einhverju leyti um að mörkin á milli heimilis og rekstrar séu óljós í einhverjum tilvikum, jafnvel hjá fyrirtækjum með fleiri en 10 starfsmenn.

3.8 Fyrirhugaðar breytingar

Í spurningu 8 var spurt hvort breytingar væru fyrirhugaðar á fyrirkomulagi úrgangsmála hjá fyrirtækinu og þá hvaða breytingar. Tafla 15 gefur yfirlit yfir svörin.

Eru breytingar fyrirhugaðar?	Fjöldi	%
Nei	99	83,90%
Já	19	16,10%
Samtals	118	100,00%

Tafla 15. Fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi úrgangsmála.

Eins og ráða má af töflunni hér að framan eru ekki miklar breytingar í farvatninu í úrgangsmálum fyrirtækja á Suðurlandi, þar sem aðeins um 16% svarenda kváðu slíkt á döfinni. Áform um breytingar eru þó heldur algengari hjá stærri fyrirtækjum. Þannig

voru einhverjar breytingar fyrirhugaðar hjá tæpum 27% fyrirtækja með fleiri en 10 starfsmenn en hjá rúmum 10% fyrirtækja með 10 starfsmenn eða færri.

Algengustu svörin um fyrirhugaðar breytingar voru eftirfarandi (flokkuð, stytt og endursögð):

- Meiri flokkun 9 svör
- Úrræði fyrir matarleifar/lífrænan úrg. 4 svör
- Aukin endurvinnsla á staðnum 1 svar
- Bæta við ílátum 1 svar
- Kynning til starfsmanna 1 svar
- Ræðst af þeirri þjónustu sem er í boði 1 svar
- Skipta um verktaka 1 svar
- Stöðug þróun 1 svar

Af einstökum heilum setningum má nefna eftirfarandi (sem einnig eru innifaldar í listanum hér að framan). Upptalningin er ekki tæmandi.

- Erum farin að mæla lífrænan úrgang en vantar förgunarstað fyrir það í stað þess að þurfa að henda þessu alltaf í blandað sorp.
- Leggja þeim lið sem eru að þrýsta á sveitarfélagið og sorphirðufyrirtækið að gefa meiri möguleika á flokkun sem virkar alla leið að endurvinnslu.
- Viljum vera með sérgám fyrir plast. Einnig ef þjónusta verður í boði viljum við flokka lífrænt frá sorpi.

3.9 Brýnustu breytingar í sveitarfélagi eða á landsvísu

Í spurningu 9 var spurt hvaða breytingar á fyrirkomulagi úrgangsmála svarendur teldu brýnastar í sveitarfélaginu og/eða á landsvísu varðandi flokkun úrgangs. Tafla 16 gefur yfirlit yfir svörin.

Brýnustu breytingar í sv.fél. / á landsvísu	Fjöldi	%
Mun minni flokkun	4	3,39%
Ívið minni flokkun	2	1,69%
Óbreytt flokkun	30	25,42%
Meiri flokkun	53	44,92%
Mun meiri flokkun	29	24,58%
Samtals	118	100,00%

Tafla 16. Brýnustu breytingar í sveitarfélagi og/eða á landsvísu.

Af töflunni hér að framan má ráða að almennt telji fulltrúar fyrirtækja á Suðurlandi brýnt að auka flokkun úrgangs. Þannig vildu 69,5% svarenda sjá meiri eða mun meiri

flokkun, 25,4% vildu óbreytta flokkun og aðeins 5,1% vildu minni eða mun minni flokkun.

3.10 Brýnustu breytingar á þjónustu sveitarfélaga

Í spurningu 10 var spurt hvaða breytingar svarendur teldu brýnastar í sveitarfélaginu og/eða á landsvísu varðandi þjónustu sveitarfélaga við fyrirtæki vegna úrgangsmála. Tafla 17 gefur yfirlit yfir svörin.

Brýnustu breytingar á þjónustu sveitarfél.	Fjöldi	%
Mun minni afskipti sveitarfélaga	8	6,72%
Ívið minni afskipti sveitarfélaga	2	1,68%
Óbreytt afskipti sveitarfélaga	50	42,02%
Meiri afskipti sveitarfélaga	29	24,37%
Mun meiri afskipti sveitarfélaga	30	25,21%
Samtals	119	100,00%

Tafla 17. Brýnustu breytingar á þjónustu sveitarfélaga við fyrirtæki vegna úrgangsmála.

Af töflunni hér að framan má ráða að almennt telji fulltrúar fyrirtækja á Suðurlandi að sveitarfélög mættu taka meiri þátt í úrgangsmálum fyrirtækjanna en þau gera í dag. Þannig vildu 49,6% svarenda sjá meiri eða mun meiri afskipti sveitarfélaga, 42,0% vildu óbreytt afskipti og 8,4% vildu minni eða mun minni afskipti.

3.11 Móttökuskilyrði fyrir flokkaðan úrgang

Í spurningu 11 var spurt hversu mikilvægt væri að bæta móttökuskilyrði/þjónustu fyrir flokkaðan úrgang. Tafla 18 gefur yfirlit yfir svörin.

Mikilvægi bættrar þjónustu v/flokkaðs úrg.	Fjöldi	%
Alls ekki mikilvægt	1	0,85%
Ekki mikilvægt	1	0,85%
Hvorki né	19	16,24%
Mikilvægt	40	34,19%
Mjög mikilvægt	26	47,86%
Samtals	117	100,00%

Tafla 18. Þörf fyrir bætt móttökuskilyrði/þjónustu fyrir flokkaðan úrgang.

Af töflunni hér að framan má ráða að yfirgnæfandi hluti fyrirtækja á Suðurlandi telji mikilvægt að bæta móttökuskilyrði/þjónustu fyrir flokkaðan úrgang. Þannig töldu um 82% þetta mikilvægt eða mjög mikilvægt en aðeins 1,7% töldu þetta ekki eða alls ekki mikilvægt.

3.12 Bætt nýting lífræns úrgangs

Í spurningu 12 var spurt hversu mikilvægt væri að bæta nýtingu lífræns úrgangs, t.d. með gasgerð eða jarðgerð. Tafla 19 gefur yfirlit yfir svörin.

Mikilvægi bættrar nýtingar lífræns úrgangs	Fjöldi	%
Alls ekki mikilvægt	1	0,85%
Ekki mikilvægt	3	2,54%
Hvorki né	23	19,49%
Mikilvægt	46	38,98%
Mjög mikilvægt	45	38,14%
Samtals	118	100,00%

Tafla 19. Þörf fyrir bættu nýtingu lífræns úrgangs, t.d. með gasgerð eða jarðgerð.

Af töflunni hér að framan má ráða að yfirgnæfandi hluti fyrirtækja á Suðurlandi telji mikilvægt að bæta nýtingu lífræns úrgangs. Þannig töldu um 77% þetta mikilvægt eða mjög mikilvægt en aðeins 3,4% töldu þetta ekki eða alls ekki mikilvægt.

3.13 Aukin fræðsla og upplýsingagjöf

Í spurningu 13 var spurt hversu mikilvægt væri að auka fræðslu og upplýsingagjöf um flokkun, nýtingu og förgun úrgangs. Tafla 20 gefur yfirlit yfir svörin.

Mikilvægi aukinnar fræðslu og upplýsinga	Fjöldi	%
Alls ekki mikilvægt	2	1,69%
Ekki mikilvægt	2	1,69%
Hvorki né	11	9,32%
Mikilvægt	49	41,53%
Mjög mikilvægt	54	45,76%
Samtals	118	100,00%

Tafla 20. Þörf fyrir aukna fræðslu og upplýsingagjöf um flokkun, nýtingu og förgun úrgangs.

Af töflunni hér að framan má ráða að yfirgnæfandi hluti fyrirtækja á Suðurlandi telji mikilvægt að auka fræðslu og upplýsingagjöf um flokkun, nýtingu og förgun úrgangs. Þannig töldu um 87% þetta mikilvægt eða mjög mikilvægt en aðeins rúm 3% töldu þetta ekki eða alls ekki mikilvægt.

3.14 Aðrar úrbætur í úrgangsmálum

Í spurningu 13 var spurt hversu mikilvægt væri að gera aðrar úrbætur í úrgangsmálum og þá hvaða úrbætur. Tafla 21 gefur yfirlit yfir svörin.

Er þörf á öðrum úrbótum?	Fjöldi	%
Nei	45	39,47%
Já	69	60,53%
Samtals	114	100,00%

Tafla 21. Þörf fyrir „aðrar úrbætur“ í úrgangsmálum.

Eins og ráða má af töflunni hér að framan telur meirihluti fyrirtækja á Suðurlandi þörf á úrbótum í úrgangsmálum á svæðinu, umfram þær úrbætur sem þegar hefur verið getið um. Algengustu svörin um mikilvægar úrbætur voru eftirfarandi (flokkuð, stytt og endursögð):

- Aukin flokkun og endurvinnsla 19 svör
- Betri/fleiri móttökustöðvar og/eða lengri opnunartími 13 svör
- Aukin fræðsla / upplýsingagjöf / vitundarvakning 12 svör
- Lægri sorpgjöld 6 svör
- Úrbætur í fráveitumálum 4 svör
- Betri/hentugri ílát 2 svör
- Betri þjónusta / tíðari sorphirða 2 svör
- Hefja jarðgerð og/eða gasgerð 2 svör
- Vinna úr lífrænum úrgangi í heimahéraði 2 svör
- Betri losun gáma 1 svar
- Bæta aðgengi og opnun sorphauga 1 svar
- Hvetja íbúa til að draga úr magni úrgangs 1 svar
- Hækka skilagjald 1 svar
- Hætta að líta á urðun sem framtíðarlausn 1 svar
- Samræma liti á ílátum (á landsvísu) 1 svar

Af einstökum heilum setningum má nefna eftirfarandi (sem einnig eru innifaldar í listanum hér að framan). Upptalningin er ekki tæmandi. Stafsetning og málfar hefur verið leiðrétt í einstaka tilvikum.

- Allar úrbætur eru til góðs, hvað sem það er!
- Alveg sama hversu vel er gert, það er alltaf hægt að gera betur með stöðugri endurskoðun.
- Auka fræðslu og marka stefnu um að líta ekki á urðun á sorpurðunarsvæði sem framtíðarlausn.
- Betri upplýsingar um flokkun.
- Bæta þjónustu, hætta að rukka, lengja opnun, svo að fólk sjái hag í að koma úrgangi á réttan stað.
- Ef kerfið er einfalt eins og á Akranesi þá er flokkun fljótleg og hvetjandi fyrir fólk að taka þátt.

- Finna farveg fyrir söfnunarstað á lífrænum úrgangi innan sveitarfélagsins. Ekki flytja hann úr sveitarfélaginu því að þá missir umhverfissjónarmiðið marks.
- Frítt að henda.
- Fræða um skaðsemi efna í náttúrunni og fráveitu.
- Gefa fólki tækifæri til að hirða nýtilega hluti eins og gert er t.d. í Hveragerði.
- Hafa gámasvæðið opið meira en fjóra tíma á dag.
- Hafa sanngjarna gjaldtöku sem stuðlar að bættri umgengni um landið okkar en ekki svo íþyngjandi að aftur verði farið að urða víðsvegar.
- Hafa upplýsingar jafnt á íslensku og ensku.
- Hækka skilgjald til að fá fólk og fyrirtæki sjái sér hag í að flokka og skila og henda ekki rusli á víðavangi.
- Kostnaður við sorp má ekki verða svo hár að hent verði á víðavangi.
- Mjög mikilvægt að strax verði hægt að hafa sértunnur fyrir lífrænan úrgang.
- Setja skýrar leikreglur á landsvísu til verktakafyrirtækja um söfnun á sorpi, t.d. verði litur á tunnum samræmdur.
- Setja upp flöskutunnur víða í bæjarfélaginu.
- Setja upp hreinsistöðvar fyrir frárennsli sveitarfélaga.
- Sveitarfélagið jarðgeri eða veiti styrk til jarðgerðar.
- Taka verulega á í endurvinnslu á plasti.
- Taka við timbri án greiðslu.
- Verktakar og sveitarfélag þurfa að geta stutt við hraða þróun fyrirtækja sem vilja auka flokkun.
- Það vantar meiri vitund um þessi mál meðal einstaklinga og fyrirtækja.
- Það þarf að auðvelda þeim fyrirtækjum sem vilja standa vel að flokkun úrgangs að losna við hann, m.a. með rýmri opnunartíma gámasstöðva.
- Þetta er reyndar allt á mjög góðri leið hjá Rangárþingi ytra.
- Þurfum við ekki öll að fara hugsa mun meira um umhverfismál? Mér finnst allir vera tilbúnir í það en það vantar hreyfiafl.

3.15 Önnur atriði, athugasemdir eða ábendingar

Nítján svarendur skrifuðu athugasemdir eða ábendingar undir þessum lið, en að einhverju leyti voru þessar ábendingar endurtekningar á því sem fram kemur í kafla 3.14. Hér fara á eftir nokkrar heilar setningar úr þessum athugasemdum, sem ekki hafa beinlínis komið fram frammar í þessu skjali. Upptalningin er ekki tæmandi og stafsetning og málfar hefur verið leiðrétt í einstaka tilvikum.

- Ég er ánægður með að fleiri hugsi um umhverfið. Við Íslendingar skulum frekar vera leiðandi en eftirbátar í þessum málum.
- Finnum farveg fyrir lífrænan úrgang og búum þannig til viðskiptatækifæri. Hér er kjörinn staður til að vinna úr honum með allan þennan hita í jörðinni. Hægt er að fá fullt af orku út úr vinnslu á lífrænum úrgangi.

- Gera átak í að vekja athygli almennings á jafneinföldum hlutum eins og að láta ekki bíla ganga í lausagangi meðan menn fara inn á kaffistofur að fá sér kaffi, fara með börnin úr bílnum inn á leikskólann, skjótast inn á pósthúsið eða annað sem á ekki að taka langa stund. Einhver lenska virðist vera víða á litlum stöðum úti á landi að það taki því ekki að drepa á bílnum þegar stoppa á stutt.
- Gott að gera svona könnun! Og gott væri líka að sjá sýnilegar niðurstöður.
- Helsti galli við sorpmálin er vinna og kostnaður við förgun.
- Hver vill kúka í ána? Það er í boði fyrir Selfyssinga. Þörf er á að girða í brók og koma upp 3ja stiga hreinsistöð fyrir seyru.
- Hvetja íbúa með fræðslu til að jarðgera sjálfir. Sveitarfélagið verði fyrirmynd í jarðgerðarlausnum, sem það er sannarlega ekki. Öllum lífrænum úrgangi er hent í haug.
- Mætti koma upp jarðvegstunnu og flokka allt rusl sem fellur frá þannig að eiginlega sorpið verði varla hálf tunna á mánuði.
- Opnunartími gámastöðva er of lítil og innheimta gjalda á gámasvæðum er til þess fallin að draga úr viðleitni fólks til þess að taka sorphirðu alvarlega.
- Opnunartími gámasvæðisins í Árborg finnst mér vera hamlandi varðandi flokkun og losun á sorpi.
- Passa uppá að það mengi ekki meira að flytja úrgang langa leið í staðinn fyrir að farga honum heima við.
- Reynslan sýnir að með auknu aðgengi að flokkun og móttöku flokkaðs úrgangs, eykst flokkun íbúa á sorpi. Það ætti því að vera í höndum sveitarfélaganna að bjóða upp á gott aðgengi að flokkunarmóttöku, hvetja íbúa til flokkunar og vera í fararbroddi í endurvinnslu og útvinnslu sorps.
- Sveitarfélagið kynni sér hraukrækt (Hugelbed) og nýti trjáboli og afklippur auk ólitaðs timburs í hrauka og bindi þannig köfnunarefnið í jarðveginn.
- Við gerum okkar besta, en það má ekki auka kostnað né álögur á lítil og meðalstór fyrirtæki í þessum efnunum.
- Það er mikið af plasti á ferð og flugi á Selfossi. Mikið er af númerslausum bílhræjum víða, það mætti taka til á svæðinu.

4. Lokaorð

Tilgangur könnunarinnar sem greint er frá í þessari skýrslu var upphaflega einkum að fá yfirsýn yfir magn lífræns úrgangs sem fellur til hjá rekstraraðilum á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands en kemur ekki fram í úrgangsbókhaldi aðildarsveitarfélaga stöðvarinnar. Þetta tókst að vissu marki, en könnun sem þessi getur þó aldrei gefið tæmandi eða nákvæmar upplýsingar. Til þess þyrftu helst allir rekstraraðilar á svæðinu að taka þátt og skila mun nákvæmari tölum en könnunin bauð upp á. Út frá niðurstöðum könnunarinnar má þó draga þá ályktun að árlega falli til á svæðinu allt að 4.000 tonnum af úrgangi sem ekki kemur fram í tölum sveitarfélaganna. Hlutfall lífræns úrgangs af þessu heildarmagni gæti verið nálægt 30% eða um 1.200 tonn. Þessar tölur eru vissulega mjög gróft áætlaðar en ættu samt að geta nýst sem viðmið í umræðum um lausnir í úrgangsmálum á svæðinu.

Ljóst er að mikill vilji er til staðar hjá fyrirtækjum á Suðurlandi til að auka flokkun úrgangs og bæta nýtingu þeirra auðlinda sem í úrganginum liggja. Þetta endurspeglast bæði í svörum um fyrirhugaðar breytingar hjá fyrirtækjunum sjálfum og væntingum fyrirtækjanna til sveitarfélaga og verktaka sem sjá um úrgangspjónustuna. Mest virðist vera horft til flokkunar og endurvinnslu lífræns úrgangs, en einnig má greina mikinn vilja til að bæta meðhöndlun á plastúrgangi.

Þegar þátttakendur í könnuninni voru spurðir hvaða breytingar í úrgangsmálum væru brýnastar í viðkomandi sveitarfélagi og á landsvísu kváðust um 70% vilja sjá meiri eða mun meiri flokkun. Þá var um helmingur þátttakenda þeirrar skoðunar að sveitarfélögin ættu að taka meiri þátt í úrgangsmálum fyrirtækjanna en þau gera í dag. Ekki var spurt um greiðsluvilja þátttakenda í þessu sambandi og því er ekki hægt að greina ástæður svaranna, þ.e. hvort þátttakendur telji úrgangsmálin almennt betur komin hjá sveitarfélögum en einkaaðilum eða hvort gengið sé út frá því að með aukinni aðkomu sveitarfélaganna verði stærri hluti af kostnaði málaflöksins greiddur af skattfé þannig að kostnaður fyrirtækjanna minnki.

Greinilegt er að þátttakendur í könnuninni kalla eftir betri aðstöðu til að koma frá sér flokkuðum úrgangi, þ.m.t. fjölgun stöðva og lengri opnunartíma. Um 82% svarenda töldu mikilvægt eða mjög mikilvægt að bæta móttökuskilyrði/þjónustu fyrir flokkaðan úrgang en aðeins 1,7% töldu þetta ekki eða alls ekki mikilvægt. Í nokkrum svörum kom fram að jafnframt þyrfti að draga úr gjaldtöku eða fella hana jafnvel niður.

Yfirgnæfandi hluti þátttakenda í könnuninni taldi mikilvægt að bæta nýtingu lífræns úrgangs. Þannig töldu um 77% þetta mikilvægt eða mjög mikilvægt en aðeins 3,4% töldu þetta ekki eða alls ekki mikilvægt. Í nokkrum svörum var á það bent að vinna þyrfti úr þessum úrgangi á svæðinu í stað þess að flytja hann burtu. Í því sambandi var

annars vegar minnst á atvinnutækifæri og hins vegar á mengun sem fylgir flutningum um langan veg.

Af svörum þátttakenda í könnuninni má ráða að mikil eftirspurn sé eftir aukinni fræðslu og upplýsingagjöf um flokkun, nýtingu og förgun úrgangs. U.þ.b. 87% þátttakenda töldu þetta mikilvægt eða mjög mikilvægt en aðeins 3,4% töldu þetta ekki eða alls ekki mikilvægt.

Viðauki 1: Spurningalistinn í heild sinni

Spurningar um úrgangsmál til fyrirtækja á Suðurlandi (Maí 2018)

1. Í hvaða sveitarfélagi starfar fyrirtækið eða hefur mestan hluta starfsemi sinnar á Suðurlandi?

- Ásahreppur
- Bláskógabyggð
- Flóahreppur
- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Hrunamannahreppur
- Hveragerðisbær
- Rangárþing eystra
- Rangárþing ytra
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Sveitarfélagið Árborg
- Sveitarfélagið Ölfus
- Vil ekki svara

Athugasemdir og ábendingar: _____

2. Hver var fjöldi ársverka hjá fyrirtækinu 2017?

- 1-3
- 4-10
- 11-50
- 51-100
- 101 eða fleiri

Athugasemdir og ábendingar: _____

3. Í hvaða atvinnugrein starfar fyrirtækið? (Ef fyrirtækið starfar í fleiri en einni atvinnugrein er merkt við þá grein sem vegur þyngst í starfseminni).

- Landbúnaður og skógrækt
- Matvælaíðnaður, þ.m.t. fiskveiðar, fiskvinnsla og slátrun
- Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu
- Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
- Veitustarfsemi (rafveita, hitaveita, vatnsveita, fráveita)
- Heild- og smásöluverslun
- Viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum
- Flutningar og geymsla
- Rekstur gististaða og veitingarekstur
- Upplýsingar og fjarskipti
- Fjármála- og váttryggingarstarfsemi
- Fasteignaviðskipti
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
- Opinber stjórnslásla og almannatryggingar
- Fræðslustarfsemi
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta
- Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi
- Annað, hvað? _____

4. Hvert var áætlað heildarmagn úrgangs frá fyrirtækinu 2017?

- 0-1.000 kg.
- 1.001-10.000 kg.
- 10.001-50.000 kg.
- 50.001-100.000 kg.
- 100.001 kg. eða meira

Athugasemdir og ábendingar: _____

5. Hvert var áætlað hlutfall lífræns úrgangs af heildarmagni úrgangs 2017?

- 0-20 %
- 21-40 %
- 41-60 %
- 61-80 %
- 81-100 %

Athugasemdir og ábendingar: _____

6. Hvað er gert við úrganginn, (hvort sem fyrirtækið gerir það sjálft eða lætur aðra sjá um það)? (Setjið X í alla viðeigandi reiti í töflunni)

	Endurnotkun á staðnum	Jarðgerð/ Gasgerð	Önnur endurvinnsla	Burðarefni/ Landmótun	Brennsla til orkuvinnslu	Önnur brennsla	Urðun	Veit ekki
Dýrahæ og sláturúrgangur								
Bylgjupappi								
Sléttur pappi og fernur								
Plastumbúðir								
Annað plast, (t.d. leikföng)								
Málmar, (aðrir en ökutæki)								
Óvirkur úrgangur, (t.d. steinbrot)								
Ólitað timbur								
Litað/óflokkað timbur								
Grófur úrgangur, (t.d. húsgögn)								
Lífrænn úrgangur frá eldhúsum o.þ.h.								
Garðaúrgangur								
Föt og annar textíluúrgangur								
Raftæki								
Spilliefni								
Kertaafgangar								
Lyfjaleifar								
Seyra								
Blandaður úrgangur (sorp)								

Athugasemdir og ábendingar: _____

7. Hver sér um úrgangsjónustu fyrir fyrirtækið?

Sveitarfélagið

Verktaki (gámafyrirtæki)

Annað, hvað? _____

8. Eru breytingar fyrirhugaðar á fyrirkomulagi úrgangsmála hjá fyrirtækinu?

Nei

Já

Hvaða breytingar? _____

9. Hvaða breytingar á fyrirkomulagi úrgangsmála telur þú brýnastar í sveitarfélaginu og/eða á landsvísu varðandi flokkun úrgangs? (Krossið í viðeigandi reiti).

Mun minni flokkun	Ívið minni flokkun	Óbreytt flokkun	Meiri flokkun	Mun meiri flokkun

10. Hvaða breytingar á fyrirkomulagi úrgangsmála telur þú brýnastar í sveitarfélaginu og/eða á landsvísu varðandi þjónustu sveitarfélaga við fyrirtæki vegna úrgangsmála? (Krossið í viðeigandi reiti).

Mun minni afskipti sv.fél.	Ívið minni afskipti sv.fél.	Óbreytt afskipti sv.fél.	Ívið meiri afskipti sv.fél.	Mun meiri afskipti sv.fél.

11. Er mikilvægt að bæta móttökuskilyrði/þjónustu fyrir flokkaðan úrgang?

Alls ekki mikilvægt	Ekki mikilvægt	Hvorki né	Mikilvægt	Mjög mikilvægt

12. Er mikilvægt að bæta nýtingu lífræns úrgangs, t.d. með gasgerð eða jarðgerð?

Alls ekki mikilvægt	Ekki mikilvægt	Hvorki né	Mikilvægt	Mjög mikilvægt

13. Er mikilvægt að auka fræðslu og upplýsingagjöf um flokkun, nýtingu og förgun úrgangs?

Alls ekki mikilvægt	Ekki mikilvægt	Hvorki né	Mikilvægt	Mjög mikilvægt

14. Er mikilvægt að gera aðrar úrbætur í úrgangsmálum?

Nei

Já

Hvaða úrbætur? _____

15. Önnur atriði, athugasemdir eða ábendingar
